# Foldaskóli - 10. bekkur

## Námsáætlun – stærðfræði

**Kennarar:**
Berglind Ósk Böðvarsdóttir berglind.osk.bodvarsdottir@rvkskolar.is
Jón Hákon Halldórsson jon.hakon.halldorsson@rvkskolar.is
Kristín Rós Jónsdóttir kristin.ros.jonsdottir@rvkskolar.is

Kenndir eru 4 tímar á viku.(4x60 min)
**Námsefni:**
Kennslubækur Skali 3A og 3B, 8–tíu, 5 og 6; Almenn stærðfræði III, Fjármálavit, ljósritað efni og veraldarvefurinn
**Námsmat:**
Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Einkunn í stærðfræði samanstendur
af mati á: samvinnu í verkefnum, hugtakaskilningi og vinnubrögðum. Próf/verkefni eru í lok hverrar lotu þar sem metnar eru lausnaleiðir og útreikningar
Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda.
Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta.
Gangi ykkur vel

# Haustönn

| Hæfniviðmið – Að nemandi geti: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| • Nýtt helstu hugtök fjármála í tengslum við eigin fjármál, launagreiðslur, skatta og fjárfestingar og nýtt við útreikninga og úrlausnir verkefna daglegs lífs. | **Lota 1 – Persónuleg fjármál**<br>➢ Laun og tekjuskattur<br>➢ Fjárhagsáætlun<br>➢ Bókhald<br>➢ Virðisaukaskattur | **Mappa með verkefnum** |

| | | |
|---|---|---|
| ● Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum<br>● Skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni. | ➢ Lán og sparnaður<br>➢ Vaxtavextir og virðisbreyting<br>➢ Debet- og kreditkort | **Lotupróf 1** |
| ● Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, t.d. um mælikvarða, einslögun og hlutföll, rannsakað og lýst sambandi milli teikningar og hluta.<br>● Beitt þekktum eiginleikum lína, þríhyrninga og annarra marghyrninga til að reikna hliðarlengdir og horn, reiknað og útskýrt tengsl milli grundvallareiginleika hrings, útskýrt og beitt reglu Pýþagórasar. | **<u>Lota 2 – Rúmfræði og hönnun</u>**<br>➢ Þríhyrningareikningar<br>➢ Regla Pýþagórasar<br>➢ Pýþagórasarreglan og sérstakir þríhyrningar<br>➢ Einslögun, lengdir reiknaðar út frá einslögun<br>➢ Kort og mælikvarði<br>➢ Finna og nota mælikvarða<br>➢ Fjarvíddarteikningar | **Sönnun á reglu Pýþagórasar**<br><br>**Verkefni-Hve langt?**<br><br>**Lotupróf 2** |
| ● Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við að einfalda stæður.<br>● Unnið með ræðar stæður, notað reiknireglur í algebru og einfaldað þær.<br>● Leyst jöfnur með einni óþekktri stærð.<br>● Leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð. | **<u>Lota 3 – Algebra og jöfnur</u>**<br>➢ Línulegar jöfnur og línuleg jöfnuhneppi<br>➢ Jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð(innsetningaraðferð, samlagningaraðferð, teiknilausn)<br>➢ Formúlureikningur<br>➢ Bókstafareikningur með almennum brotum | **7. sjálfspróf**<br>**8. sjálfspróf**<br><br>**Lotupróf 3-fyrri hluti** |

| | | |
|---|---|---|
| ● Sett fram jöfnur og ójöfnur út frá gefnum forsendum og túlkað merkingu lausnar sinnar við raunverulegt samhengi.<br>● Undirbúið og flutt kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði. | ➢ Þáttun og stytting stæða með almennum brotum<br>➢ Margföldun stæða innan sviga<br>➢ Jöfnur leystar með þáttun<br>➢ Ferningsreglurnar<br>➢ Ójöfnur | **Verkefni-Stærðfræðingar**<br><br>**Lotupróf 3-seinni hluti** |

# Vorönn

| **Hæfniviðmið – Að nemandi geti:** | **Lotur-Viðfangsefni** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| ● Ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.<br>● Túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.<br>● Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikningi, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. | **Lota 4 – Föll**<br>➢ Annars stigs föll<br>➢ Fleygbogar<br>➢ Núllstöð<br>➢ Hágildispunktur/lággildispunktur<br>➢ Öfugt hlutfall<br>➢ Markgildi<br><br>**Lota 5 – Tölfræði og líkur** | **Lotupróf 4** |

| | | |
|---|---|---|
| ● Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst.<br>● Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.<br>● Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim.<br>● Framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.<br>● Notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.<br><br>**Hæfniviðmið sem eiga við allar lotur**<br>● tekið ábyrgð á eigin námi og sýni sjálfstæði í vinnubrögðum<br>● nýtt sér fjölbreyttar lausnaleiðir, sýni útreikninga ásamt því að vinna skipulega og snyrtilega og geti kynnt eigin vinnu með stærðfræði | ➢ Tölfræðihugtök(tíðni, tíðasta gildi, hlutfallstíðni, meðaltal, migildi o.fl<br>➢ Flokkun, túlkun og framsetning tölfræðigagna<br>➢ Líkur reiknaðar út frá tilraunum<br>➢ Framkvæma einfalda hermun<br>▯ Samsettar líkur, margir atburðir<br>▯ Líkindatré<br>▯ Andstæðir atburðir<br>▯ Vennmynd og krosstafla<br><br>**Lota 6 - upprifjun og verkefnavinna** | **Hópverkefni-Tölfræði**<br><br>**Hópverkefni-Líkur**<br><br>**Lotupróf 5**<br><br>**Vinnubók nemenda**<br><br>**Vinna í tímum/heimanám** |